

30. des. 1939, 2. gr., um gjald af innlendum tollvörutegundum, og eignarskatt samkvæmt 14. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, álagðan á árinu 1947.

172  
30. des.

Viðaukinn reiknast á þann hátt, sem segir í 2. gr. laga frá 28. desember 1946.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1946.*

**Pétur Magnússon.**

*Sigtryggur Klemenzson.*

## AUGLÝSING

173  
30. des.

**um lækkun aðflutningsgjalda á kornvörum og sykri.**

Samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 98 9. júlí 1941, sbr. lög frá 17. des. 1946. um breyting á þeim lögum, hefur ríkisstjórnin ákveðið að fella niður frá 1. janúar 1947 að telja til ársloka 1947 verðtoll af: baunum, ertum, linsum, hveiti, rúgi, rís með hýði eða án hýðis, byggi, höfrum, mais og annarri ómalaðri kornvöru; mjöli: úr hveiti, úr rúgi, úr rís, úr byggi, úr höfrum, úr mais og öðru ótöldu; grjónum úr hveiti, úr byggi, úr höfrum, úr rís og öðru ótöldu.

Enn fremur að lækka um helming á sama tímabili aðflutningsgjöld af: sykri, strásykri, höggnum sykri (molasykri), sallasykri (flórsykri), púðursykri, steinsykri (kandís) og toppasykri.

Auk þess hefur verið ákveðið, að ekki skuli innheimta verðtoll af farmgjaldi af ofangreindum sykri á sama tímabili.

*Fjármálaráðuneytið, 30. desember 1946.*

**Pétur Magnússon.**

*Sigtryggur Klemenzson.*

## AUGLÝSING

174  
30. des.

**um nýja lyfsöluskrá I.**

Frá og með 1. janúar n. k. gengur í gildi ný lyfsöluskrá I, útgefin af þessu ráðuneyti 14. þ. m., og fellur jafnframt úr gildi lyfsöluskrá I, útgefin 22. jan. 1945.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 30. desember 1946.*

**Finnur Jónsson.**

*Gústav A. Jónasson.*